

Reykjavík 17.02.2026


Varðar: Reynimel 55 – (umsókn um byggingarleyfi)

Skoðuð er að nýju byggingarleyfisumsókn Axel Kaaber arkitekts, dags. 17.02.2023, um heimild til að rjúfa vegg að götu og gera innkeyrslu frá Hofsvallagötu ásamt því að gera tvö bílastæði á lóð að Reynimel 55.


Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á íbúðarsvæði (ÍB2)

Í gildi er deiliskipulag Mela norðan Hagamels, stgr. 1.540, dags. 23.09.2010.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags

Umsögn:

Fyrir liggur niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 30. ágúst 2023, um að fella úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 10. maí 2023 um synjun umsóknar um að rjúfa og fjarlægja hluta af steypu grindverki á lóðamörkum að Hofsvallagötu og gera tvö bílastæði á lóð.

Ákvörðun byggingarfulltrúa byggði á umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18.04.2023, sem taldi ekki hægt að fallast á erindi þar sem ekki er heimild í gildandi deiliskipulagi til að rjúfa garðveggi og gera nýjar innkeyrslur.

Úrskurðarnefnd telur að ómögulegt sé fyrir lóðarhafa að nýta sér heimild fyrir tvöföldum bílgeymslum ásamt tveimur bílastæðum á lóð skv. gildandi deiliskipulagi nema að garðveggur verði rofinn og gerð innkeyrsla á lóð frá Hofsvallagötu.

Skipulagsfulltrúi hefur því endurskoðað fyrir umsögn sína og gerir nú ekki skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið sem felur í sér að rjúfa garðveggi og gera nýjar innkeyrslur að lóð frá Hofsvallagötu.

F.h. skrifstofu skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnisstjóri